

22. 05. 2017

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

Fundur nr. 46 – haldinn á heimavist Menntaskólans á Akureyri

Mættir: Inga Elísabet Vésteindóttir, Sigmundur Kr. Magnússon

Fundargerð ritar: Inga Elísabet Vésteinsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Tillaga um breytt deiliskipulag á Drottningarbrautarreit er barst til umsagnar nefndarinnar 12. Maí 2017.
2. Staðsetning hjólaskýlis
3. Staða skilta sem nú eru í framleiðslu
4. Tillaga að skipulagi svæðis í kringum Innbæjartjörn rædd m.t.t. umhverfisverkefna sumar 2017
5. Framkvæmd samþykkrar tilraunar til einstefnu í nyrsta hluta Aðalstrætis.

1. Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytt deiliskipulag. Við furðum okkur þó á því að áður hafði kröfu um bílakjallara verið aflétt og sú ástæða gefin að gerð kjallara á þessum stað væri mjög flókin og kostnaðarsöm og ekki væri hægt að gera slíka kröfu á framkvæmdaraðila, þar sem bílastæðum væri komið fyrir annarstaðar. Nú á að koma fyrir tæknirými í kjallara og sú framkvæmd virðist ekki vefjast fyrir framkvæmdaraðila. Þetta vekur spurningar um samfélagslega ábyrgð framkvæmdaraðila. Þó svo að bílastæði undir hótélbyggingunni hefðu ekki verið arðbær fyrir byggingaraðila, þá hefðu þau óneitanlega létt á svæðinu í kringum hótelið.

Skipulagsyfirvöld eru hvött til að skoða lagaramma framkvæmdaleyfa m.t.t. heimildar til handa bæjaryfirvöldum til að gera kröfur um samfélagslegt framlag framkvæmdaraðila. Að mannlífi á framkvæmdastað verði veitt lagalega stoð til að fá að njóta vafans.

2. Ákveðið hefur verið að staðsetja hjólaskýli, sem keypt var í fyrra, við suðurinnangang Lystigarðsins. Uppsetning er nú í höndum umhverfissviðs.

3. Enn hefur ekkert heyrst frá framleiðsluaðilum skiltanna fyrir Menntaveg og Spítalastíg. Inna hönnuð eftir því.

4. Hverfisnefnd óskar eftir við skipulagsyfirvöld að unnið verði markvisst að umhverfisskipulagi Innbæjar í samræmi við uppdrátt og greinargerð frumtölluðu þar um, gerðan af Skipulagsdeild bæjarins í samstarfi við Teikn á lofti 10.02.2006. Því til stuðnings mun hverfisnefnd í ár standa fyrir kaupum á grillaðstöðu sem staðsett verður, í samræmi við tillögu þessa, á túni sunnan við Duggufjöru.

5. Óskað er eftir áætlun um framkvæmd og mælingar á gagnsemi einstefnu í nyrsta hluta Aðalstrætis nú í sumar. Á fundi skipulagsráðs var samþykkt einstefna til suðurs á þessum stað til reynslu í sumar, eða til september 2017, en ekkert kom fram um upphafsdag, framkvæmd eða mælingar.